

Starfsánægja lækna á Landspítala í lágmarki



Læknaráð Landspítala efndi til opins fundar þann 18. febrúar um niðurstöður könnunar á starfsánægju innan spítalans. Þorbjörn Jónsson formaður læknaráðs hafði fyrstur framsögu og

benti á að læknar væru sú stétt spítalans sem lýsti minnstri starfsánægju og væri það sannarlega umhugsunarefni. Hann brá upp mynd af vítahring þar sem óánægja með starfsaðstöðu og kjör leiddi af sér landflóttu lækna og hvatti til þess að brugðist yrði við hið fyrsta, áður en í óefni væri komið. Runólfur Pálsson tók undir þetta og benti jafnframt á hversu mikilvægt væri að skýra markmið og stefnu spítalans innan deilda og í heild. Eyjólfur Þorkelsson benti á að kandidatar og almennir læknar væru langóánægðastir allra lækna, þar þyrfti að snúa við blaðinu. Björn Zoëga forstjóri tók síðastur til máls og kvaðst ekki jafn svartsýnn, samanburður við kannanir á sænskum spítölum væri ekki óhagstæður en staðan væri sú að ef auka ætti þjónustu í einni grein yrði að skera niður annars staðar á spítalanum.



Björn Zoëga, Eyjólfur Þorkelsson, Þorbjörn Jónsson og Runólfur Pálsson.

Fjölmennt læknahlaup

Læknahlaupið var haldið í annað sinn í lok Læknadaga laugardaginn 29. janúar, með þátttöku yfir 80 hlaupara. Hlaupinn var fimm kílómetra hringur í Laugardalnum, sem hófst og endaði við Laugardalslaugina.

Sigurvegari í karlaflokki var Stefán Guðmundsson læknanemi og í kvennaflokki sigraði Hrönn Guðmundsdóttir. Skilyrði til hlaups voru ekki hin bestu, hálka og bleyta á köflum en almennt voru þátttakendur á því að vel hefði tekist til og Læknahlaupið væri orðinn ómissandi þáttur í dagskrá Læknadaga. Í lok hlaups bauð lækn-ingavörufyrirtækið Metronics þátttakendum upp á hressingu í anddyri Lauga.

Sigurvegarnir Stefán Guðmundsson og Hrönn Guðmundsdóttir.

